

Athugasemdir/tillögur um breytingar  
á frumvarpi til laga um vernd Breiðafjarðar,  
206. máli, komudegur 8 12 1994  
sem fram komu við 1. umræðu um málið.

Umhverfissráðherra:

- \* "...Þar sem frv. fjallar líka um vernd menningarsögulegra minja þá þætti mér ekki óeðlilegt að hv. umhvn. leitaði eftir álitni menntmn. sömuleiðis á þeim þáttum frv. sem varða menningarsögulegar minjar."
- \* Breiðafjarðarnefnd. "Í upphaflegri gerð frv. höfðu heimamenn meiri hluta og ég er alls ekki hræddur við það. Mér finnst það allt í lagi og ég tel sjálfsagt að það verði kannað í hv. umhvn. hvort rétt sé að Vestur-Barðstrendingar fái þarna fulltrúa. Ég lýsi því alveg hiklaust yfir að ég er ekki á móti því. Það var hins vegar talið að með því mundi skapast nokkurt misvægi ef þeir sem hafa tvær eyjar eiga fulltrúa í nefndinni meðan þeir sem eiga 2.500 eyjar og eru þó ótaldir boðar og sker hafa einungis einn fulltrúa - eða að vísu þrjá. Þetta misvægi gerði þetta að verkum en ég lýsi því aftur yfir að ég er ekki á móti því að þetta verði skoðað til hlítar."

Pétur Bjarnason:

- \* Telur að íbúarnir eigi að vera meira með í ráðum en frv. gerir ráð fyrir. Eyjabændur óttist að frv. af þessu tagi geti hindrað rétt þeirra. Þeirra sjónarmið sé að verndun lands og lífríkis á svæðum á borð við Breiðafjörðinn eigi fyrst og fremst að felast í búsetu og þeirri virðingu sem bændur sem þarna hafi alist upp og þarna starfi beri fyrir umhverfi sínu, náttúrunni og lífríkinu. Það verði að gæta þess einstaklega vel og hafa í huga þegar þetta frv. er til skoðunar, að aldrei megi friða gegn nýtingu heldur verði friðunin að beinast að því að vernda nýtinguna, þær hefðbundnu nytjar sem verið hafi og vernda þannig líka lífríkið sem sé á svæðinu á eðlilegan hátt.
- \* Breiðafjarðarnefnd. Allverulegur hluti af norðanverðri strandlengjunni sem frv. nái til tilheyrir Vestur-Barðastrandasýslu en enginn fulltrúi nefndarinnar sé þaðan. Sýnist því ekki óeðlilegt að einn fulltrúi til viðbótar kæmi inn í nefndina. Bendir einnig á að heimamenn séu í minnihluta í nefndinni, þar sem atkvæði formanns ráði falli atkvæði jöfn. Veltir því fyrir sér hvort það sé nauðsynlegt.
- \* 2.mgr. 4. gr. : "Umhverfissráðherra setur að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar..." Þýði í raun að Breiðafjarðarnefnd skuli segja það sem henni finnst um málið en umhverh. geti gert það sem honum sýnist. Telur að samráð hefði mátt vera í þessu líka. Nefnir sérstaklega varðandi 4.gr. að æskilegt væri að setja inn samráð við ferðamálanefndir og ferðamálasamtök, enda ferðamennska orðin atvinnugrein á þessu landsvæði.
- \* Vörsluáætlun. Hefur ekki séð skilgreiningu á hugtakinu og hefði gjarnan viljað fá að vita hvort þetta sé algerlega óbundið eða hvort settur hafi verið einhver rammi um það sem vörsluáætlun eigi að innihalda. Finnst ekki nægileg skýring að í vörsluáætlun eigi að koma fram hvernig ná skuli markmiðunum og þykir líklegt að til þess að þetta ætti

að geta gengið vel þyrfti að vera skýrar kveðið á um hvað felast eigi í henni.

- \* 5. gr. "Skynsamleg nýting". Komið hafi fram hjá íbúum Breiðafjarðar að þeir óttist að þeim verði settar óeðlilegar skorður við starfsemi á búum sínum. Að vísu komi fram í skýringum að lögbýli falli ekki undir þessi lög heldur skipulagslög almennt og ætla megi að eðlilegar framkvæmdir á lögbýlum verði ekki hindraðar með þessari lagasetningu. Samt sem áður sé viss ótti við að hefðbundnum bústörfum og nytjum sem verið hafi um aldir á jörðum á Breiðafirði verði settar skorður sem bændur eigi kannski erfitt með að sætta sig við. Veit svo sem ekki hvort hægt sé að setja takmarkanir í frv. sem tryggi það fyllilega en hins vegar sé mikilvægt að það komi fram bæði í umræðum og skýringum að slíkt sé ekki og megi ekki vera tilgangur frv. Einnig hafi menn ugg af 6. gr. frv.
- \* 5. gr. Reglugerð skuli kveða á um aðgang ferðamanna. Verði að vera mjög skýrt að frv. sé ekki ætlað að draga úr eða hindra aðgang ferðamanna að svæðinu. Má ekki verða til þess að stórum svæðum verði lokað fyrir aðgangi ferðamanna heldur miklu frekar hitt að fjármagni verði varið í að bæta svo aðstöðu þar sem ferðamennska sé á þessu svæði að ferðamenn geti ferðast um án þess að skemma þetta viðkvæma svæði og lífríki þess, t.d. með merkingum á leiðum, með skipulagi á ferðaþjónustunni, með gangstígum og fjöldamörgu öðru.

*Sturla Böðvarsson:*

- \* 4. gr. vörsluáætlun. Telur að þetta sé mjög mikilvægt ákv. í frv. og vel þurfi að vanda til þess hvernig vörsluáætlunin sé unnin. Telur að það væri gagnlegt fyrir þá nefnd sem fái frv. til umfjöllunar að fá umsagnir um þetta og fá til viðræðna við nefndina aðila sem tengjast slíku starfi þannig að það verði mjög vel skoðað hvernig slík vörsluáætlun verði framkvæmd og sett upp.
- \* 5. gr. Reglugerð um aðgang ferðamanna. Vill vekja athygli á því að taka verði tillit til þess að hægt sé að fara eðlilega um svæðið og að aðgangur ferðamanna um þessa náttúruparadís verði ekki heftur óeðlilega.
- \* 7. gr. Rannsóknastöð. Kannski megi segja að það sé dálítið sérstakt að stofna til slíkra fyrirætlana með svo mjög takmörkuðum hætti að einungis sé um að ræða einn starfsmann. Það verði að segjast að kannski sé ekki við því að búast að einn maður geti sinnt viðamiklum rannsóknum en hann yrði þá að kalla til menn úr öðrum áttum, frá öðrum stofnunum, til þess að vinna að slíku með þessari stofnun.

*Kristinn H. Gunnarsson:*

- \* Spyr hvern eigi að vernda skv. frv. og fyrir hverju? Finnst menn vera að sumu leyti á rangri slóð því ekki sé mest hætt á að fordjarfa það land þar sem fáir búi og nær enginn dveljist yfir vetrartímum. Hljóti að vera mest aðkallandi að skilgreina hvernig við ætlum að fara með það land sem sé fyrir mestum ágangi manna, véla og tækja sem mennirnir noti til þess að breyta umhverfi sér í vil. Þegar menn tali um vernd Breiðafjarðar skilji hann það þannig að menn ætli að vernda svæðið með aðgerðum sem fái fólk til að búa á svæðinu. Það sé vernd í hans huga að koma í veg fyrir að fólk hætti að vilja búa á þeim svæðum. Hvers vegna á að fara að gera mönnum torvelt

fyrir að taka upp búsetu á þessu svæði síðar meir ef menn vilja gera það? En það muni þessi löggjöf gera. Finnst inntak frv. vera meingallað og telur þörf á verulegri breytingu á því svo að ekki sé meira sagt. Finnst að megininntak þess hefði mátt vera rannsóknir. Nauðsynlegt og eðlilegt að menn ráðist í að rannsaka svæði út frá einhverjum tilteknum sjónarhóli sem menn gefi sér, menningarsögulegu gildi eða rannsaki lífríki eða eitthvað slíkt.

- \* 1. gr. Hvað er átt við með orðinu "lífríki"? Er það skilgreint með 2. gr., þ.e. það sem er ofan sjávar? Eða er líka átt við það sem er neðan sjávar? Nauðsynlegt að það liggi fyrir ótvírætt hvað menn eigi við. Eins gott að menn séu klárir á því hvað fellur undir orðið "lífríki" ef það eigi að vera á valdi umhverf. að kveða á um nýtingu þess.
- \* Reglugerðarákvæði. Finnst ástæða til að fá frekari upplýsingar um hvernig þau séu hugsuð. Í 4. gr. Getur ráðherra hafnað því sem Breiðafjarðarnefnd leggur til? Hvernig á samráð Breiðafjarðarnefndar við sveitarfélögin að fara fram? Er samráðið í raun bara umsagnarákveði? Telur rétt að liggi alveg skýrt fyrir þannig að ekki valdi misskilningi. Hvaða efnisatriði getur umhverfiráðherra haft inni í reglugerðinni? Þarf að vera skýrt í lögnum hvað það er í efnisatriðum laganna sem á að útfæra nánar með reglugerð. Er upptalning í 5. gr. tæmandi? Eða telur ráðherra að hann geti bætt við öðrum atriðum og þá á grundvelli einhverra annara ákv. í frv.? Hvað þýða orðin "varnir gegn hvers kyns mengun"? Spyr um reglugerðarheimild menntamálaráðherra og hvað orðin "að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar þýði? Einnig orðin: "að fenginni umsögn þjóðminjaráðs". Er Breiðafjarðarnefnd bundin af umsögn þjóðminjaráðs?
- \* Vörsluáætlun. Nokkuð þokukennt. Þetta geti landeigendur gert í dag og hulið hvaða framför sé fólgin í því að fela það umhverf.
- \* 6. gr. Mikil spurning hvort ástæða sé til að setja slíkt fortakslaust bannákveði í lagatexta. Þýði að ef aðstæður í ísl. þjóðfélagi breytist þannig í framtíðinni að fólk vilji fara að flytjast aftur og taka upp búsetu á þessu svæði þá sé því torvelað það mjög vegna þess að þá sé Alþingi búíð að ákveða í raun að menn eigi ekkert að búa þessu svæði.
- \* 7. gr. Aðeins heimildarákvæði, engin skylda. Veikasti hluti frv. Þegar ríkinu sýnist svo að nýta heimildarákvæðið þá sé það bundið skilyrði um framlög heimamanna. Hvað eru heimamenn í þessu tilviki? Eru það sveitarstjórnirnar sem verða þá að láta af hendi fé jafnmikið því sem ríkisvaldinu þóknast að reiða fram ... eða eru það landeigendur eða einhverjir aðrir heimamenn? Þetta er alveg óskilgreint. Hvaða opinberar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu eru starfræktar með því skilyrði að heimamenn leggi til jafnhátt framlag ríkinu til að reka þær? Ef mönnum sé einhver alvara með því að gera hvort tveggja í senn, að vernda landið og umhverfið og styrkja byggðina, þá verði menn að gera betur en fram komi í þessu frv. Þá verði að gerbreyta frv. til að koma þeim viðhorfum til skila og í framkvæmd. Þessi vilji verði að skila sér í lagasetningunni og fjárlögnum. Að öðrum kosti séu menn einfaldlega að setja lög til að takmarka forræði heimamanna yfir eigin náttúru og færa valdið yfir henni í umhverf. Kveðst ekki tilbúinn til að veikja það litla sem eftir sé í stjórnsýslu úti í héruðunum enn frekar en nú sé eins og lagt sé til í þessu frv.

- \* Önnur lög. Hvernig samrýmast ákvæði frv. ákvæðum annarra laga eða hvernig á að framkvæma þau ef þetta frv. verður að lögum?
- \* 9. gr. Dagsektir. Telur rétt að menn skoði þetta mjög vandlega í nefnd hvort yfir höfuð sé þörf á að hafa ákvæði af þessu tagi í lögum. Er til efs að það sé rétt að einstakir fagráðherrar hafi sektarvald af þessu tagi sem þeir geti gripið til ef menn lúti ekki vilja sem þeir setji fram og sé byggður á túlkun ráðherrans á lögunum. Hefur miklar efasemdir um að ákvæði af þessu tagi eigi yfir höfuð að vera í lögum.
- \* Finnst andi frv. vera að takmarka aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum eftir mati ráðherra á hverjum tíma. Hefur ekki fengið nein rök sem sannfæra hann um að sveitarstjórnirnar séu ekki þess bærar að valda því hlutverki sínu þannig að náttúran bíði ekki skaða af. 6.gr. frv. því ákaflega mikill þyrnir í augum.
- \* Lýst vel á þá hugmynd að byrja á því að koma á fót rannsóknastöð á Breiðafirði og byggja síðan málið út frá því.

*Guðni Ágústsson:*

- \* Frv. fjarlæggi völdin frá fólkinu sem búi á svæðinu. Óttast að fólkið, sem eigi í sér framtak, komist ekki í gegnum allar leyfisveitingarnar sem það þurfi að sækja um. Sættir sig ekki við lög sem miði fyrst og fremst að því að láta þá hafa völdin á svæðunum sem séu svo langt í burtu eins og hér sé stefnt að. Hvar eru hreppsnefndir þessara svæða í þessu máli? Hvar er sveitarstjórnarstigið þegar þetta kemur til umræðu hér í þinginu? Hefði talið að það hefði verið betra að skipa sendiherra sem iðulega hefði samband við umhvrn. úti á Breiðafirði.

*Svavar Gestsson:*

- \* Breiðafjarðarnefnd. Sér ekki hvernig það megi vera að nefndin hafi framkvæmdarvald það sem hún hefur skv. frv., sbr. 6. gr., miðað við það að skv. 3. og 4. gr. frv. sé gert ráð fyrir því að hún sé til ráðgjafar eingöngu. Telur að ráðherrann verði að hafa valdið miðað við hefðir og venjur í íslenskri stjórnarsýslu. Finnst því að nálgun í 2. mgr. 6. gr. standist ekki. Telur að nefndin sé ekki þannig skipuð að eðlilegt sé að fela henni þetta vald. Hefði talið að þarna ætti að standa: "...nema að fengnu samþykki umhverfisráðherra að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar." Það sama megi segja um 3. mgr. 6. gr. Breiðafjarðarnefnd sé skv. frv. ekki aðeins orðin stjórnvald heldur sé hún líka orðinn faglegur matsaðili sem eigi að hafa vit á því hvort framkvæmdir af hvaða tagi sem þær séu hafi áhrif á, spilli eða fordjarfi á annan hátt því lífríki sem frv. sé að öðru leyti ætlað að taka til. Telur að þetta standist ekki.
- \* 9. gr. sektarákvæði sýnist óþörf. Sér engin rök fyrir þeim. Hvaða atriði gætu átt við?
- \* Önnur lög og reglugerðir. Hvernig hugsa menn sér sambýlið? T.d. við lög og reglugerðir um fuglafriðun s.s. um friðun arnarins?
- \* Eðlilegt að umhvrh. og umhvn. velti fyrir sér hvernig hægt sé að setja lög um friðun eða vernd Breiðafjarðar. Telur það mjög vandasamt. Ákvarðanir um vernd Breiðafjarðar stangist á við eitt af grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar, eignarrétt og

forfang eignarréttarins. Hefði alveg eins komið til greina að velja því fyrir sér að að þróa málið út frá því að Flatey yrði þjóðgarður og að þar yrði náttúrurannsóknarstöð. Ætti etv. einnig við um næstu eyjar eins og Hafnarey og Staglei og etv. fleiri eyjar. Mætti etv. byrja á því að stofna náttúrurannsóknastöð með aðild ríkisins og hún yrði grunnurinn sem þetta yrði unnið út frá og þá létu menn á það reyna núna við afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið 1995 hvort menn væru tilbúnir til þess að byrja þarna.